



MANNVIT

Mat á umfangi vegna uppboðs 4G tíðniheimilda

Póst- og fjarskiptastofnun

Skýrsla – Umfang og kostnaðarmat

29. október 2012





MANNVIT

Mannvit Verkfræðistofa

Grensásvegur 1
108 Reykjavík
Sími: 422 3000
Fax: 422 3001
@: mannvit@mannvit.is
www.mannvit.is

Efnisyfirlit


Helstu niðurstöður.....	3
Mat á umfangi	5
Inngangur	5
Forsendur.....	8
Nýtt 4G kerfi.....	14
Stækka núverandi 3G kerfi.....	16
Stækka núverandi 3G og 3GL (2Mb/s)	19
Uppfæra núverandi 3G kerfi	20
Styrkja baknet vegna 4G	20
Mat á kostnaði.....	22
Forsendur.....	22
3G.....	24
<i>Stækka 3G kerfi (2Mb/s) – (1a->1b)</i>	<i>24</i>
<i>Stækkað 3G kerfi uppfært (2Mb/s í 10Mb/s)-(1b->1c).....</i>	<i>25</i>
<i>Stækkað 3G kerfi uppfært í 4G kerfi (10Mb/s)-(1c->4a-s)</i>	<i>27</i>
<i>3G + 3GL stækkað kerfi (2Mb/s)-(2a->2b)</i>	<i>28</i>
<i>3G + 3GL uppfært kerfi (10Mb/s)-(2b->2c)</i>	<i>30</i>
<i>3G-3GL kerfi uppfært í minna 4G kerfi (10Mb/s) (2c->4a-m)</i>	<i>31</i>
4G.....	32
<i>4G - 10Mb/s (3) – Nýtt kerfi - Nýir rekstraraðilar</i>	<i>32</i>
<i>4G - 10Mb/s – (3) – Nýtt kerfi - Núverandi rekstraraðilar</i>	<i>34</i>
<i>4G – Uppfært í 30Mb/s-(3->4b-s)</i>	<i>36</i>
<i>Minna 4G kerfi (10Mb/s) - Uppfært í minna 4G kerfi (30Mb/s) - (4a-m->4b-m)</i>	<i>38</i>
Breyting á tengihraða – Stækkuð kerfi 2Mb/s – 10Mb/s - 30Mb/s.....	39
Svæði utan við 3G og 3GL langdrægt.....	42
Utan byggða.....	43
Hafsvæði	44
Ljósleiðarakerfi.....	44
Fylgiskjöl.....	45
Fylgiskjal 1: Teikning - skipting í láglendi og hálendi	46
Fylgiskjal 2: Teikning af sendum (sellum) í strjálbýli og íbúafjöldi í hverri sellu	47

Fylgiskjal 3: Teikning af ljósleiðurum og sendum (sellum) í strjálbýli	48
Fylgiskjal 4: Sendar (sellur) allt landið.....	49
Fylgiskjal 5: Teikning af sendum (sellum) utan byggða	50
Fylgiskjal 6: Teikning af sendum fyrir hafsvæði	51
Fylgiskjal 7: Teikning af ósnortnu víðerni	52
Fylgiskjal 8: Sveitafélög, þéttbýlisstaðir og byggðakjarnar	53

Helstu niðurstöður

Í skýrslu þessari er metinn kostnaður við að stækkun dreifingarsvæða háhraða farnetskerfa. Þegar rætt er um háhraða farnetskerfi er almennt átt við þau kerfi sem nefnd eru 3G (UMTS) eða 4G (LTE). Í ljósi þess að fyrirhugað uppboð fjarskiptatíðna á 800MHz og 1800MHz er ekki bundin við tiltekin kerfi, hvað þetta varðar, er horft til þeirra kerfa sem geta náð tilteknum hraða, t.d. 2Mb/s, 10Mb/s eða 30Mb/s, með ákveðnum gæðum. Það er síðan fjarskiptafélaganna að ákveða með hvaða hætti þau innleiða viðkomandi kerfi til að ná settu þjónustustigi. Áætlað er umfang við að stækka núverandi 3G kerfi, uppfæra þau og byggja 4G kerfi, miðað við ýmis markmið um þjónustusvæði og afköst.

Í útreikningunum er byggt á því að kostnaður við fyrra skref í stækkun sé ekki endurreiknaður í næsta skrefi. Er yfirlit yfir uppbyggingarleiðir að finna á mynd 1. Áætlað er umfang við að stækka núverandi 3G kerfi, uppfæra þau og byggja 4G kerfi eftir mismunandi leiðum miðað við ýmis markmið um þjónustusvæði og afköst samanber töflu 1.



Mynd 1 – Uppbygging, stækkun og uppfærsla á núverandi eða nýjum kerfum

Helstu niðurstöður eru eftirfarandi þar sem lagður er saman stofnkostnaður og rekstrarkostnaður í 10 ár. Lægri upphæðin á við kerfi þar sem notendur fjarri sendum geta þurft að setja upp fastan viðtökubúnað til að nýta þjónustuna (nefnt minna kerfi eða 3G/3GL í skýrslunni), hærri upphæðin miðar við að þess þurfi ekki (nefnt stærra kerfi eða 4G í skýrslunni):

- Leið 1.a í 1.b (stærra): Að stækka núverandi 3G þannig að það nái til allra íbúa og 80% landsins utan jökla og hraði til allra sé að minnsta kosti **2Mb/s** kostar 19,5 milljarða króna, þar af um 10,5 milljarða króna í byggð og rúmlega 9 milljarða króna utan byggða. Með öðrum orðum kostar 19,5 milljarða að bjóða þjónustu þar sem hraði er 2Mb/s á 80% landsins utan jökla með stærra kerfi. Ef einungis er horft til byggðra svæða kostar 10,5 milljarð að bjóða 2Mb/s hraða til allra landsmanna með stærra.
- Leið 2.a í 2.b (minna): Að stækka núverandi 3G/3GL þannig að það nái til allra íbúa og 80% landsins utan jökla og hraði til allra sé að minnsta kosti **2Mb/s** kostar 10,9 milljarða króna, þar af um 1,9 milljarða króna í byggð og rúmlega 9 milljarða króna utan byggða. Með öðrum



orðum kostar 10,9 milljarða að bjóða þjónustu þar sem hraði er 2Mb/s á 80% landsins utan jökla með stærra kerfi. Ef einungis er horft til byggðra svæða kostar 1,9 milljarð að bjóða 2Mb/s hraða til allra landsmanna með með minna kerfi.

- Leið 1.b í 1.c (stærra): Viðbótarkostnaður við að stækka og uppfæra 3G þannig að það nái til allra íbúa og 80% landsins utan jökla og hraði til allra sé að minnsta kosti **10Mb/s** kostar um 4,3 milljarða króna þar af um 3,4 milljarða króna í byggð og um 900 milljónir króna utan byggða. Er hér gengið út frá því að áður hafi kerfið verið stækkað þannig að það geti veitt 10Mb/s þjónustu á ofangreindum svæðum.
- Leið 2.b í 2.c (minna): Viðbótarkostnaður við að stækka og uppfæra 3G/3GL þannig að það nái til allra íbúa og 80% landsins utan jökla og hraði til allra sé að minnsta kosti **10Mb/s** kostar um 3,6 milljarða króna þar af um 2,7 milljarða króna í byggð og um 900 milljónir króna utan byggða. Er hér gengið út frá því að áður hafi kerfið verið stækkað þannig að það geti veitt 10Mb/s þjónustu á ofangreindum svæðum.
- Leið 1.c í 4.a-m (stærra): Að uppfæra 3G í 4G þannig að það nái til allra íbúa og 80% landsins utan jökla og hraði til allra sé að minnsta kosti **10Mb/s** kostar um 5,2 milljarða króna, þar af um 4,3 milljarða króna í byggð og um 900 milljónir króna utan byggða.
- Leið 2.c í 4.a-m (minna): Að uppfæra 3G/3GL í 4G þannig að það nái til allra íbúa og 80% landsins utan jökla og hraði til allra sé að minnsta kosti **10Mb/s** kostar um 4,2 milljarða króna, þar af um 3,3 milljarða króna í byggð og um 900 milljónir króna utan byggða.
- Leið 3 (stærra): Að byggja nýtt 4G kerfi, á grunni núverandi kerfa eða frá upphafi, sem nær til allra íbúa og 80% landsins utan jökla og hraði til allra sé að minnsta kosti **10Mb/s** kostar rúmlega 22-33 milljarða króna, þar af í byggð um 9,3-19,5 milljarðar króna og utan byggða rúmlega 13,6 milljarða króna.
- Leið 4.a-s í 4.b-s (stærra) og 3 í 4.b-s (stærra): Að uppfæra nýtt 4G kerfi sem nær til allra íbúa og 80% landsins utan jökla og hraði til allra sé að minnsta kosti **30Mb/s** kostar rúmlega 4,4 milljarða króna, þar af í byggð rúmlega 3,5 milljarðar króna og um 900 milljónir króna utan byggða.
- Leið 4.a-m í 4.b-m (minna): Að uppfæra nýtt minna 4G kerfi sem nær til allra íbúa og 80% landsins utan jökla og hraði til allra sé að minnsta kosti **30Mb/s** kostar um 3,6 milljarða króna, þar af í byggð rúmlega 2,7 milljarðar króna og um 900 milljónir króna utan byggða.

Nánar er gert grein fyrir forsendum og niðurstöðum hér á eftir.

Mat á umfangi

Inngangur

Í þessari skýrslu eru metið umfang þess að byggja upp nýtt 4G háhraða farnetskerfi, stækka núverandi 3G kerfi, uppfæra þau í 4G og metið hvort þörf er á að styrkja baknet og stofnleiðir vegna 4G kerfis. Tekið er mið af tilteknum skilyrðum og kröfum varðandi stærð þjónustusvæðis, til hverra þjónustan á að ná, hraða uppbyggingar og tengihraða sem hér kallast „háhraðafarnetshraði“.

Verkefninu er skipt í tvo meginhluta, annars vegar að meta umfang og hins vegar kostnað.

Fyrri hluti verkefnis fellst nánar tiltekið í að:

1. Meta umfang þess að stækka núverandi 3G kerfi þannig að það nái í áföngum til allra landsmanna.
2. Meta umfang þess að byggja nýtt 4G háhraða farnets-kerfi annars vegar og hins vegar bæta við og uppfæra núverandi 3G í 4G kerfi þannig að tilgreindum markmiðum verði náð.
3. Meta hvort styrkja þurfi baknet, sérstaklega ljósleiðaranet, þannig að það dugi fyrir 4G og ef svo er, að meta umfang þess.

Við mat á umfangi er meðal annars tekið mið af fjölda senda og gerð þeirra, hvar aðstaða er til staðar og hvar þarf að byggja nýja sendastaði.

Seinni hluti verkefnisins er að meta kostnað við að ná tilgreindum markmiðum. Það er kostnaður við að ná markmiðum um að allir hafi kost á 2, 10 og eða 30Mb/s þjónustu samkvæmt „Tafla 1 - Markmið um þjónustu og uppbyggingarhraða“ sem byggist á íbúaskráningu Hagstofu Íslands. Eftirfarandi markmið og áfangaskipting koma fram í frumvarpi til tólf ára fjarskiptaáætlunar fyrir árin 2011-2022:


- Að boðið verði upp á háhraða farnetsþjónustu til 98% landsmanna 2014.
- Að boðið verði upp á háhraða farnetsþjónustu til 99,9% landsmanna árið 2022.
- Að boðið verði upp á háhraða farnetsþjónustu á 80% óbyggðra svæða utan jökla og hafsvæðinu kringum landið árið 2018.

Uppbygging getur verið í áföngum og kostnaður því dreifst á lengra tímabil. Miðað er við að háhraða farnetshraði (til notanda, e. download) verði í eftirfarandi áföngum:

- a. 2Mb/s árið 2012,
- b. 10Mb/s árin 2014-2016,
- c. 30Mb/s árið 2022.

Staðir	Íbúa fjöldi	Hlutfall	Uppsafnað	Hraði í Mb/s		
				2	10	30
Þéttbýl svæði						
Þéttbýli > 2.000	266.028	83,20%	83,20%	komið	2014	2014
Þéttbýli 500-2.000 manns	26.497	8,30%	91,50%	komið	2014	2014
Þéttbýli 200 til 500 manns	6.288	2,00%	93,50%	komið	2014	2022
Byggðakjarnar 50-200 manns	4.369	1,40%	94,90%	komið	2014	2022
Strjálbýl svæði						
Suðurland	4.905	1,50%	96,40%	2014	2014	2022
Höfuðborgarsvæðið	735	0,20%	96,60%	2014	2014	2022
Vesturland	2.522	0,80%	97,40%	2014	2014	2022
Norðvesturland	2.435	0,80%	98,20%	2014	2014	2022
Norðausturland	3.292	1,00%	99,20%	2014	2016	2022
Austurland	1.765	0,60%	99,80%	2014	2016	2022
Vestfirðir	739	0,20%	100,00%	2014	2016	2022
Alls	319.575	100,00%				
Önnur svæði						
Hafsvæði allt að 12 sjómílar				komið	2018	2022
Landsvæði 80% landsins utan jökla				2014	2018	2022

Tafla 1 - Markmið um þjónustu og uppbyggingarhraða



Mynd 2 - Skipting landsins í landshluta

Skiptingu landsins í landshluta má sjá á mynd 1. Í „Fylgiskjal 8: Sveitafélög, þéttbýlisstaðir og byggðakjarna“ er listi yfir þéttbýlisstaði og þéttbýliskjarna og sveitarfélög ásamt mannfjölda í þeim ásamt korti sem sýnir sveitarfélög á hverju svæði. Umfangi og kostnaði er skipt niður á landshluta þannig að á hverju svæði hafi að lágmarki 93,5% íbúa og þar með allir í þéttbýlum svæðum, kost á þjónustunni. Síðan er umfang og kostnaður við að auka útbreiðsluna í skrefum metið þannig að sjá má aukninguna fyrir hvert prósent sem útbreiðslan til íbúa eykst.

Þjónusta til óbyggðra svæða og hafsvæða er metið þannig að markmiðum verði náð í einum áfanga.

Skipting landsins í svæði byggist meðal annars á eftirfarandi viðmiðum Hagstofu Íslands. „Þéttbýlisstaður (e. locality) er samfelldt byggt svæði sem hefur að lágmarki 200 íbúa og:

- a. skýrt gatnakerfi; eða
- b. heiti; eða
- c. að hámarki 200 metra á milli húsa. Þó geta þar verið undantekningar sökum iðnaðar- og atvinnusvæða, útivistarsvæða, brúaðra áa, bílastæða og annarra samgöngu-mannvirkja, kirkjugarða, hættusvæða vegna náttúruváar o.s.frv.

Þéttbýlisstaður afmarkast af 250 metra helgunarsvæði út frá ystu mannvirkjum hans. Þéttbýlisstaðir sem þá skarast eða liggja saman og eru veltengdir teljast vera samliggjandi. Afmörkun þéttbýlisstaða er óháð sveitarfélagamörkum.

Byggðakjarnar eru skilgreindir með sama hætti, en afmarkast af sveitarfélagamörkum og ekki eru gerðar kröfur um lágmarksfjölda íbúa. Hagstofan mun ekki birta tölur fyrir minni byggðakjarna en 50 manna, nema þeir hafi náð því marki einhvern tímann á því árabili sem útgefnar tölur ná til.

Byggðakjarnar með færri en 200 íbúa teljast því ekki til þéttbýlis, enda er þéttbýli eftir sem áður miðað við 200 íbúa eða fleiri. Byggðakjarnar liggja því á milli þess að vera þéttbýli og strjálbýli. Samanber „Tafla 1 - Markmið um þjónustu og uppbyggingarhraða“ þá teljast þéttbýl svæði hér samanstanda af þéttbýlum og byggðakjörnum. Önnur svæði í byggð eru strjálbýli. Önnur landssvæði eru óbyggð og tilheyra ósnortnu landsvæði. Til frekari skýringar þá er ósnortið víðerni landsvæði:

- þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags vegna mannlegra umsvifa,
- sem er í a.m.k. 5 km. fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, s.s. raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum (sbr. vegalög),
- sem er a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu.“

Þéttbýlisstaðir og byggðarkjarnar eru hér tekin saman sem þéttbýli, önnur landsvæði eru strjálbyggð, óbyggð eða jöklar.

Auk þess er landinu skipt í láglandi sem er allt landsvæði undir 200 m hæð og hálendi sem er allt landssvæði yfir 200 m hæð yfir sjávarmáli. Láglandi er um 24.000 km², þar af er þéttbýli innan við 1.000 km² og hálendi um 79.000 km², þar af jöklar tæplega 12.000 km². 80% af landssvæði á hálendi



utan jökla er því um 54.000 km². Nokkur svæði á láglendi eru óbyggð og einnig eru nokkur svæði á hálendi í byggð.

Forsendur

Miðað er við að 4G þjónustan sé fyrst og fremst gagnaflutningsþjónusta (netþjónusta), ekki talsímaþjónusta. Með háhraða *farnets* þjónustu er átt við að netþjónustan nái til notenda á ferð, þeir geti hvort sem er verið kyrrstæðir eða í farartæki á ferð og þeir geti getið tekið áskriftina með sér á milli staða.

Áskrifandi getur að jafnaði notað einfalt móttökutæki eins og snjallsíma eða netpung. Umfangi við uppbyggingu er skipti í tvennt. Annars vegar er þjónustan þannig að búast má við því að á svæðum fjarri sendum þurfi aukinn búnað til að geta nýtt sér þjónustuna til dæmis fast loftnet utan á húsi, það er „minni gerðin“ af 3G/4G kerfi. Hins vegar er þjónustan þannig að aðeins í undantekningartilfellum þurfi viðbótar búnað til að nýta þjónustuna og að almennt sé þjónustan til staðar innandyra í hefðbundnum húsum, það er „stærri gerðin“ af 3G/4G kerfi. Í fyrra tilfallinu þarf minna kerfi þannig að kostnaður þess sem byggir og rekur kerfið verður lægri. En á móti kemur að kostnaður sumra áskrifanda verður hærri en annarra. Þjónustan verður einnig ekki alls staðar *farnets* (e. *mobile*) þjónusta það er áskrifandi er í raun fasttengdur um fast loftnet þótt tengingin sé þráðlaus en ekki þráðbundin. Nákvæmlega hversu hátt hlutfall áskrifenda þarf viðbótar búnað, í minni gerðinni, liggur ekki fyrir enda fer það eftir aðstæðum á hverjum stað en gera má ráð fyrir því að það sé innan við helmingur áskrifenda í strjálbýli. Þeir sem þurfa viðbótar búnað í stærra gerðinni, í undantekningartilfellunum, eru þeir sem vilja til dæmis nota tenginguna innandyra niðri í kjallara eða á öðrum slíkum stöðum sem merki nær illa til.

Hér er miðað við að á skilgreindu þjónustusvæði náist að lágmarki sá hraði sem miðað er við. Auk þess er tekið tillit til þess að seinkun (e. latency) og breytilegur svartími (e. jitter) þurfa að vera innan eðlilegra marka til að þjónustan sé ásættanleg. Því fylgir að yfirbókun má ekki verða of mikil, gæði tenginga þurfa að vera nægjanleg og tæknin þarf að vera góð. Það leiðir til þess að stærð þjónustusvæðis hvers sendis takmarkast mjög, svo og fjöldi áskrifenda sem geta verið á þjónustusvæði sendis.

3G

Það er til staðar 3G þjónusta sem nær til stórs hluta íbúa landsins og út á haf. Hraði er þó eðlilega afar mismunandi og háður aðstæðum. Annars vegar er til hefðbundið 3G kerfi í stærri þéttbýlum og hins vegar langdrægt 3G kerfi og getur þurft sérstakan búnað til að nýta það.

Áætlanir um þróun 3G tækninnar miðast við að hægt er eða verði að ná yfir 30Mb/s í nýjustu útgáfum staðlanna, með HSPA+ og HSDPA. Sem dæmi þá miðar útgáfa 11 af HSPA+ við það að hraði verði allt að 672Mb/s. Erlendis eru komin fram kerfi þar sem 40Mb/s hraði er gefin upp sem mesti hraði. Hérlandis er hraði í 3G nú mest um 8Mb/s. Nýlegar prófanir í nágrannalöndunum sýna þó að yfirleitt er 3G hraði aðeins rétt um 2Mb/s í þéttbýli. Sumir þjónustuaðilar erlendis kalla HSPA+ (t.d. HSPA+21) 4G þjónustu. Það er ekki gert í þessari skýrslu.

Hér er miðað við að mögulegt og hagkvæmt verði að stækka núverandi 3G kerfi hér á landi þannig að hraði verði að jafnaði yfir 10Mb/s. Ekki er hér reiknað með að þau verði stækkuð og uppfærð þannig að hraðinn fari að jafnaði yfir 30Mb/s. Það er þó ekki hægt að fullyrða að svo verði ekki en það mun

ráðast af fjölmörgum þáttum svo sem framboði á notendabúnaði, möguleikum á uppfærslum, kostnaði og fleiru.

Nú eru þau 3G kerfi sem eru til staðar misstór. Við mat á umfangi þess að stækka eða uppfæra núverandi kerfi er miðað við það eða þau kerfi sem er stærra á tilteknu landssvæði. Ekki er gert ráð fyrir því að fjölga þurfi sendum í þéttbýli til að ná fram auknum hraða heldur sé að jafnaði hægt að auka afköst með uppfærslu senda.

Þar sem 3G kerfi vinna á annarri tíðni en til stendur að úthluta fyrir 4G þá getur verið flókið að uppfæra núverandi kerfi úr 3G í 4G. Það getur þurft að skipta um búnað að hluta, skipta um loftnet og fleira. Með notkun fjöltíðnibúnaðar er meðal annars hægt að samnýta aðstöðu, loftnet og sambönd til að draga úr kostnaði. Það er því gert ráð fyrir því að það sé talsvert minna verkefni að uppfæra núverandi 3G kerfi í 4G en byggja nýtt 4G kerfi frá grunni. Reynslutölur erlendis frá benda til þess að kostnaður við að uppfæra úr 3G í 4G geti verið á bilinu 40-60% af því að byggja nýtt kerfi.

4G

Miðað er við það hér að 10Mb/s hraði náist strax í fyrsta áfanga nýrra 4G kerfa hér á landi í þéttbýli, sem byggð yrðu á árunum 2014-2016 og að afköst séu ekki minni en 30 bitar/s/Hz sem gera um 75Mb/s á 2,5Mhz tíðnibandi. Samkvæmt ITU-R þá miðast 4G kerfi við að ná 100Mb/s hraða fyrir móttöku á ferð en 1Gb/s fyrir kyrrstæða móttöku. Fyrsta kynslóð 4G kerfa er fjarri því að ná því en næsta kynslóð sem meðal annars kallast „LTE Advanced“ á að ná þessum viðmiðum. Gert er ráð fyrir því að kerfi sem byggt yrði hér í kjölfar tíðniúthlutunar verði af annarri kynslóð 4G kerfa.

Í 4G kerfum er gert ráð fyrir að baknetið sé að hluta af endurvarpa (e. relay) gerð þannig að baknet sendis geti allt eins komið frá næsta eða næstu sendum eins og um ljósleiðara eða örbylgju. Jafnframt má búast við, að til að fylla í þjónustusvæði, verði notaðar smásellur (e. pico og/eða femto sellur). Einnig hafa komið fram tækninýjungar t.d. í loftnetum svo sem að auka tímabundið afköst og stefnuvirkni í tiltekna átt þar sem álagið er mikið. Tekið er tillit til þessa við mat á umfangi.

Enn sem komið er eru tvær megin útfærslur til á 4G kerfum það er „Mobile WiMax“ og „LTE“. Ekki er tekin afstaða til þess af hvorri gerð kerfi verða hér á landi enda miðað við að umfang þeirra yrði álíka.

Til einföldunar er í reiknilíkani gert ráð fyrir því að sendar í nýju 4G kerfi verði staðsettir á jafnmörgum stöðum og sendar í stækkuðu 3G kerfi.

Aðstaða

Ef aðstaða er til staðar, þá er gert ráð fyrir því að nýta hana. En jafnframt er gert ráð fyrir því að það þurfi einhverjar viðbætur við aðstöðuna svo sem festingar, viðbótarstaur, bæta við loftræstingu og svo framvegis. Auk þess er gert ráð fyrir því að í einhverjum tilfellum sé núverandi aðstaða fullnýtt og því þurfi að bæta við núverandi aðstöðu.

Þar sem byggja þarf nýja aðstöðu, þá er miðað við að hún sé annars vegar lítil og hins vegar stór. Lítil aðstaða er innan við 10m² hús og 10-20m loftnetastaur. Stór aðstaða er 10-20m² hús og 30-40m mastur. Lítil aðstaða er fyrir minni senda, stór fyrir stærri senda þar sem stærri sendir dekkar stærra svæði en smærri sendir.



Aðstaða er annars vegar í byggð þar sem tiltölulega stutt er í rafveitu og hins vegar utan byggðar þar sem langt er í rafveitu. Í byggð er gert ráð fyrir að tengjast rafveitu á viðkomandi svæði. Utan byggða er hægt að leggja rafstrengi um langan veg eða setja upp rafstöð en hvort tveggja hefur verið gert hérlandis. Eftir eldsneytishækkunir undanfarin ár er sífellt hagkvæmara að leggja rafstrengi frekar en að reka rafstöð auk þess sem það er umhverfisvænna. Hér er því miðað við að það sé nú hagkvæmara að leggja allt að 20 km raflögn frekar en að setja upp rafstöð. Þannig að sendastaðir næst byggð verði allir tengdir rafveitu en aðrir eru knúnir með rafstöð.

Að nýrri aðstöðu þarf vegslóða auk rafveitu. Sá slóði þarf að vera bílfær og þannig gerður að hann sé ekinn frekar en að ekið sé utan vega. Meðallengd vegslóða er áætluð út frá stærð sellu en gert er ráð fyrir að nýta alla þá slóða sem þegar eru til staðar um óbyggðir þannig að „stofnvegir“ séu ávallt til staðar.

Reiknilíkan

Til þess að meta umfang var útbúið líkan sem tekur mið af eftirfarandi atriðum. Með því eru útbúnir meðalsendar sem fjöldi senda tekur mið af. Ljóst er, að á hverjum stað fyrir sig eru aðstæður misjafnar og því ekki hægt að heimafera líkanið á einstaka staði.

Gert er ráð fyrir því að háhraða farnetsþjónusta sé viðaukaþjónusta (e. secondary) sem þýðir að hægt er yfirbóka þjónustuna meira. Það er, að íbúar hafa að jafnaði einnig aðgang að fastlínupjónustu sem annar stórum hluta af niðurbals-þörfum notenda. Þrátt fyrir þetta má búast við því að fjölmargir notendur verði aðeins með 3G eða 4G þjónustu.

Í þéttbýli er miðað við mannfjölda, það er fjöldi senda tekur mið af íbúafjölda á svæðinu og þar með þéttleika byggðar frekar en fjarlægðum. Þannig næst nægjanlegur þéttleiki í þjónustuna til að anna eftirspurn og hún nær inn í flest hús. Auk þess er miðað við að:

- Um 100 notendur (áskrifendur) eru á hverjum sektor, 3-4 sektorar hver 90°-120° eru á hverjum sendi (eða sellu).
 - Nú eru iðulega 3 sektorar í 3G en 4 sektorar gætu hentað betur í 4G.
- 4G kerfi sem byggt yrði hefði 2x10MHz á 800MHz tíðnisviðinu til ráðstöfunar.
 - Ekkert liggur fyrir um stærð tíðnisviðsins sem úthlutað verður, hér er aðeins miðað við þessa stærð í reiknilíkani.
- 25% íbúa í hverjum þéttbýlisstað eru notendur kerfis og álag getur dreifst á fleiri en eitt kerfi.
- Allir íbúar í þéttbýli hafa kost á þjónustunni.

Í nýlegum tíðniheimildum sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur gefið út fyrir UMTS er tilgreint að:


- Útbreiðsla í þéttbýli: Móttökustyrkur skal vera jafn eða meiri en -85 dBm
- Útbreiðsla í strjálbýli: Móttökustyrkur skal vera jafn eða meiri en -100 dBm

Næst sendastað er mesti mögulegi hraði en eftir því sem fjær dregur þá minnkar hraðinn auk þess sem veðurfar, aðstæður, stilling loftneta, sendiafl, búnaður notenda og fleira hefur áhrif á hraðann. Til að fá allstaðar þann hraða og þjónustugæði sem miðað er við, þarf notandi því að vera nærri sendi við góðar aðstæður.

Frá sendi að viðtakanda dofna styrkur merkis og á endanum er merkið orðið það veikt að ekki er hægt að ná sambandi með hefðbundnum búnaði eða fullum afköstum. Nokkrar aðferðir eru til að áætla leiðardeygingu merkis (e. path loss). Ein þeirra aðferða sem notuð er kallast COST 231 Hata líkanið sem reiknar deyfingu (eða töp) á eftirfarandi máta:

$$Tap = 46,3 + 33,9 \cdot \log_{10}(f) - 13,82 \cdot \log_{10}(ht) - a + (44,9 - 6,55 \cdot \log_{10}(ht)) \cdot \log_{10}(d) + C$$

þar sem f er tíðni í MHz, ht er hæð sendis (loftneta), hr er hæð viðtökutækis, d er fjarlægð milli sendis og viðtakanda og a er skilgreint sem $a = 3,2 \cdot (\log_{10}(11,75 \cdot hr))^2 - 4,97$. Í úthverfum og strjálbýli er miðað við að $C = 0\text{dB}$ en í borgum 3dB það er deyfing er minni í strjálbýli en þéttbýli. Miðað við að $f = 800\text{MHz}$ og $hr = 1,5\text{m}$ og strjálbýli þá fæst sú deyfing sem fall af fjarlægð og hæð sendis sem sýnd er á „Mynd 3 – Deyfing merkis eftir fjarlægð frá sendi og hæð sendis“.



Mynd 3 – Deyfing merkis eftir fjarlægð frá sendi og hæð sendis

Ef sendistyrkur er um 46dBm að hámarki og lágmarksstyrkur móttöku er -100dBm , samanber kröfur um móttökustyrk hér að ofan, þá jafngildir það drægni um:

- 5km ef sendir er í 30m hæð.
- 9km ef sendir er í 100m hæð.
- 17km ef sendir er í 300m hæð.

Þetta gefur vísbendingu um hver drægni er miðað við „ásættanlega“ þjónustu. Með ýmsum hætti er hægt að auka drægni en á móti kemur deyfing inn í byggingar og af öðrum orsökum. Í strjálbýli, á stöðum sem eru fjærst sendi þar sem styrkur utandyra er minnstur (nálægt -100dBm), þá næst



merkið vart innandyra án viðbótarbúnaðar. Með viðbótarbúnaði er hægt að auka drægni talsvert. Þannig er hægt að ná þjónustu þótt merkisstyrkur sé komin niður í -110dBm. Til dæmis er styrkur merkis um -110dBm í um 40 km fjarlægð frá sendi í 300 m hæð og sami styrkur er í 95 km fjarlægð ef sendir er í 800 m hæð.

Í strjálbýli er miðað við stærð landsvæðis, þéttleika byggðar og núverandi sendakerfi og að:

- Þjónustan nái til staða í byggð svo sem lögheimila, atvinnuhúsnæðis og opinberra bygginga samkvæmt „Tafla 1 - Markmið um þjónustu og uppbyggingarhraða“ sem og svæða þar í kring.
- Það er miðað við svipaðan fjölda sendastöðva í 3G og 4G fyrir 2Mb/s, það er til að ná til sama svæðis þarf sama fjölda senda.
 - Drægni 2Mb/s er miðuð við allt að 15 km.
- Fyrir 10Mb/s og fyrir 30Mb/s þarf fleiri sendastöðvar. Við bestu aðstæður og stefnuvirkni (eða 4 sektora) þá er:
 - Drægni 5-10 km hámark fyrir 10-30Mb/s.
 - Í strjálbýli takmarkast drægni allt eins af landslagi svo sem fjöllum frekar en tækni. Á sléttlendum svæðum eins og suðurlandi er því miðað við meiri drægni en í fjallendum svæðum.

Útbúnar eru sexhyrndar sellur með annars vegar 10 km (drægni um 5km, þjónustusvæði um 85km²) og hins vegar 20 km (drægni um 10km, þjónustusvæði um 345km²) milli samhliða hliða. Þessar sellur eru staðsettir á þekktum sendastöðvum þannig að þjónustan nái til allra byggðra staða þar nærri. Til að ná til annarra staða eru sellurnar staðsettar þannig að sem flestir staðir náist og þannig fæst hvað þarf marga nýja sendastaði.

Á „Mynd 1 – Uppbygging, stækkun og uppfærsla á núverandi eða nýjum kerfum“ má sjá þær mismunandi leiðir á uppfærslum og stækkunum sem útreikningar miðast við.

- Frá núverandi 3G 2Mb/s er það stækkað þ.a. allir nái þeim tengihraða án sérstaks viðbótarbúnaðar.
- Frá núverandi 3G og 3GL 2Mb/s er það stækkað þannig að þjónustan nái til allra en þeir geta þurft viðbótarbúnað t.d. útiloftnet til að ná þjónustunni.
- 4G 10Mb/s miðast við að allir hafi aðgang að þjónustunni á 10Mb/s tengihraða án sérstaks viðbótarbúnaðar.

Með 3GL er átt við langdrægt 3G kerfi þar sem senditíðni senda er á 900MHz, sendar eru færri, langdrægari og eru oft staðsettir hátt t.d. upp á fjöllum. Þannig næst til stórra landssvæða með tiltölulega fáum sendum. Fjarri sendi getur þurft viðbótarbúnað, samanber það sem fyrr var skýrt, til að nýta þjónustuna auk þess sem skuggasvæði eru fleiri, þar sem sendar eru færri. Því er 3G&3GL einfaldari og ódýrari lausnin, það er minna kerfið. Sama getur gilt um 4G, það er að til verði 4G langdrægt.

Miðað er við að baknet, það er stofnnet um landið og samband að hverjum sendastað, sé af hagkvæmustu gerð hverju sinni. Það þýðir að nýtt er ljósleiðaratenging ef hún er til staðar, annars staðar er notað ljósleiðarasamband, örbylgjusamband eða endurvarpi (e. relay) frá næstu sendastöð, allt eftir því hvað er hagkvæmast. Hér er miðað við, að það sé hagkvæmt að leggja allt að 5km ljósleiðaralögn ef aðstaður er hentugar, að öðrum kosti sé sé hagstæðara að nota örbylgju eða aðrar leiðir.

Utan byggða er tekið mið af eftirfarandi (stærri gerðin):

- Drægni er miðuð við 10 km. Hún takmarkast aðallega af landslagi.
- Hver sendir nær til 80% af því landsvæði sem fellur undir selluna.
- Sendar eru staðsettir á öllum núverandi sendastöðum. Aðrir eru staðsettir á stöðum þar sem þarf að byggja aðstöðu.

Þetta byggist á því að staðsetja senda á fjallatoppum þannig að þeir nái góðri dreifingu. Þrátt fyrir það verður ávallt talsvert um skuggasvæði þar sem þjónustan næst ekki. Með því að hafa drægni frekar stutta, þannig að sendar verði fleiri, næst að fylla betur upp í skuggasvæðin.


Hafsvæði takmarkast hér við 12 sjómílur (um 22 km) frá landi og 80% þess hafsvæðis. Til að draga svo langt og ná markmiðum um hraða og þéttleika, er miðað við að það þurfi bæði fjölda senda og 60° stefnuvirkni á hverjum stað. Með tækniþróun náist markmið um hraða á næstu árum. Það þarf að byggja nokkuð marga nýja staði enda þurfa loftnet að vera í yfir 40 m hæð yfir sjávarmáli ef þau eru alveg við sjó. Miðað er við að nýta alla aðstöðu sem er til staðar. Þar sem ekki er aðstaða þarf að finna lausnir til að ná út á haf. Víða við strendur landsins, sérstaklega sunnanlands eru ekki aðstaður til að reisa nýja staði nærri sjó, þannig að aðstaða yrði fjær sjó en þá hærri.

Nýtt 4G kerfi

Í þessum kafla er lagt mat á umfang vegna uppsetningar nýs 4G fjarnetskerfis (stærri gerðin). Fjöldi senda er fundinn annars vegar miðað við fjölda notenda á þéttbýlisstöðum og hinsvegar talningu sendastöðva í strjálbýli eftir útbreiðslu senda og byggðra svæða í landshlutum. Reiknað er með 400 notendum á hvern sendi, sjá „Tafla 2 – 4G sendastaðir í þéttbýli“.

4G þéttbýli	Fjöldi þéttbýlisstaða (stk)	Hlutfallsleg skipting (%)	Íbúafjöldi alls	Fjöldi sendastaða 400 not/sendi
Höfuðborgarsvæðið	8	63,5%	202.859	129
Austurland	14	2,7%	8.774	15
Norðausturland	19	8,0%	25.693	31
Norðvesturland	8	1,5%	4.937	9
Suðurland	25	13,0%	41.689	41
Vesturland	11	4,0%	12.802	15
Vestfirðir	13	1,9%	6.216	14
Samtals:				254

Tafla 2 – 4G sendastaðir í þéttbýli




Mynd 4 – 4G sendastaðir í þéttbýli

Í strjálbýli er fjöldi sendastöðva talin á byggðum svæðum í landshlutum og er miðað við útbreiðslu sem er 5-10km radíus (lítil eða stór sendistöð) út frá hverri sendastöð. Útbreiðslusvæði er miðað við að þekja öll byggð svæði og að allir íbúar hafi möguleika á hámarks tengihraða (>30Mb/s), sjá „Tafla 3 – Fjöldi 4G sendastaða í strjálbýli“. Sendastöðvar eru í fyrsta lagi núverandi sendastöðvar með GSM (2G/3G) búnað og aðstöðu til staðar, í öðru lagi núverandi sendastöðvar án GSM búnaðar en með aðstöðu og í þriðja lagi nýir sendastaðir.

Landshlutar - 4G Strjálbýli	Heildar-fjöldi 4G senda-stöðva	Fjöldi senda-stöð STÓR	Fjöldi senda-stöð LÍTIL	Fjöldi senda-stöðva með 3G/2G búnað	Fjöldi senda-stöðva sem ekki eru með GSM búnað	Fjöldi nýrra senda-stöðva
Austurland	57	3	54	10	29	18
Höfuðborgarsv.	9	0	9	5	2	2
Norðausturland	51	5	46	17	20	14
Norðvesturland	58	1	57	10	18	30
Suðurland	41	11	30	15	16	10
Vesturland	54	3	51	22	16	16
Vestfirðir	45	0	45	10	17	18
Samtals:	315	23	292	89	118	108

Tafla 3 – Fjöldi 4G sendastaða í strjálbýli



Mynd 5 – Fjöldi 4G sendastaða í strjálbýli

Svæði	Fjöldi íbúa	Fjöldi senda	Íbúar/sendi
Austurland	1.765	57	31
Höfuðborgarsvæði	735	9	82
Norðausturland	3.292	51	63
Norðvesturland	2.435	58	42
Suðurland	5.028	41	123
Vesturland	2.522	54	47
Vestfirðir	739	45	16
Samtals:	16.516	315	

Tafla 4 – Íbúafjöldi og sendar í strjálbýli


Samtals er fjöldi sendastöðva í strjálbýli 315 talsins. Notendur á hverja sendastöð eru að meðaltali 58.

Stækka núverandi 3G kerfi

Í þessum kafla er lagt mat á umfang þess að stækka núverandi 3G kerfi án 3GL (stærri gerðin). Bætt er við 3G sendastöðvum, þannig að öll byggð svæði, strjálbýli og þéttbýli, utan höfuðborgarsvæðis, hafi kost á að tengjast 3G kerfi. Fyrst var fjöldi núverandi 3G sendastöðva farsímafélaganna áætlaður meðal annars út frá útbreiðslukortum þeirra. Aðeins eru taldar sendastöðvar utan höfuðborgarsvæðisins. 3G sendar sem bætast við verði settir upp á sendastöðvum farsímafélaganna þar sem fyrir er annar GSM búnaður, öðrum sendastöðvum með aðstöðu til staðar og einnig nýjum stöðum þar sem aðstaða er ekki til staðar í dag sjá “Tafla 5 – Strjálbýli – stækkun 3G kerfis”.

Landshlutar - 3G Strjálbýli	Heildar-fjöldi 3G senda-stöðva	3G Senda-stöðvar til staðar í strjálbýli	Nýjar senda-stöðvar	Nýjar senda-stöðvar STÓR	Nýjar senda-stöðvar LÍTIL	Nýjar senda-stöðvar með aðstöðu	Nýjar senda-stöðvar án aðstöðu STÓR	Nýjar senda-stöðvar án aðstöðu LÍTIL
Austurland	57	0	57	3	54	39	0	18
Höfuðborgarsv.	9	4	5	0	5	3	0	2
Norðausturland	51	1	50	5	45	35	1	14
Norðvesturland	58	0	58	1	57	28	0	30
Suðurland	41	13	28	11	17	18	2	8
Vesturland	54	16	38	3	35	22	1	15
Vestfirðir	45	4	41	0	41	23	0	18
Samtals:	315	38	277	23	254	168	4	105

Tafla 5 – Strjálbýli – stækkun 3G kerfis




Mynd 6 - Strjálbýli – stækkun 3G kerfi

Samkvæmt „Tafla 5 – Strjálbýli – stækkun 3G kerfis“, þá eru tæplega 40 3G sendastöðvar í núverandi kerfum í strjálbýli. Bæta þarf við 277 sendastöðvum til þess að þekja byggð svæði sem ekki eru með 3G samband í dag (fyrir utan 3G langdrægt). Bæta þarf við 109 nýjum sendastöðvum án aðstöðu. Heildarfjöldi 3G sendastöðva í strjálbýli verða því 315, eftir stækkun.

Landshlutar - 3G þéttbýli utan höfuðborgarsvæðis	Heildarfjöldi 3G sendastöðva	Fjöldi 3G sendastöðva til staðar í þéttbýli	Fjöldi nýrra sendastöðva
Austurland	15	10	5
Norðausturland	31	13	18
Norðvesturland	9	4	5
Suðurland	41	25	16
Vesturland	15	9	6
Vestfirðir	14	6	8
Samtals:	125	67	58

Tafla 6 – Þéttbýli - 3G kerfi stækkun



Mynd 7 - Þéttbýli - 3G kerfi stækkun

Samkvæmt „Tafla 6 – Þéttbýli - 3G kerfi stækkun“, þá eru 67 sendastöðvar til staðar í þéttbýli utan höfuðborgarsvæðisins. Þörf er á 58 nýjum 3G sendastöðvum til að þekja þéttbýlisstaði sem ekki eru í sambandi í dag (fyrir utan 3G langdrægt).


Stækka núverandi 3G og 3GL (2Mb/s)

Í töflum hér að neðan er lagt mat á stækkun 3G kerfis en nú með 3GL (minna kerfi).

3G og 3GL kerfi (2Mb/s)	Viðbótar-sendar 3G með aðstöðu LITLIR	Viðbótar-sendar STÓRIR	Nýir sendar án aðstöðu LÍTILL	Nýir sendar án aðstöðu STÓR
Austurland	5	0	2	0
Höfuðborgarsvæði	1	0	1	0
Norðausturland	6	2	2	1
Norðvesturland	2	0	3	0
Suðurland	8	0	0	0
Vesturland	8	1	3	1
Vestfirðir	3	0	4	0
	33	3	15	2

Tafla 7 – Landshlutar (þéttbýli og strjálbýli) - 3G og 3GL kerfi (2Mb/s) stækkun

„Tafla 7 – Landshlutar (þéttbýli og strjálbýli) - 3G og 3GL kerfi (2Mb/s) stækkun“ sýnir fjölda nýrra sendastöðva sem þarf við stækkun kerfis í bæði þéttbýli og strjálbýli.



Mynd 8 – 3G og 3GL kerfi stækkun



Uppfæra núverandi 3G kerfi

Fjöldi uppfærðra 3G senda er álitinn nægjanlegur fyrir 4G þjónustu í þéttbýli, það er ekki er þörf á að fjölga 3G sendum umfram það sem áður hefur komið fram til að ná 10Mb/s og 30Mb/s. Allir uppsettir 3G sendar verði uppfærðir í 4G senda en annars staðar verði nýir 4G sendar sem dekki byggð og óbyggð svæði utan jökla.

Með uppfærslu sendis er átt við að breyta honum úr 3G sendi í 4G sendi. Það fellst í raun að nýta aðstöðu sem hefur verið útbúin, stoðkerfi, strengi og búnað að hluta, auk hönnunar. Það lækkar kostnað talsvert. Áður er búið að áætla fjölda senda bæði í þéttbýli og strjálbýli. Hér verður því miðað við þann fjölda og kostnaður reiknaður sem hlutfall af þeim kostnaði sem fellur til vegna þess.

Styrkja baknet vegna 4G

Í þessum kafla er lagt mat á það hvort styrkja þurfi baknet 4G sendastöðva vegna aukins gagnamagns frá þessum stöðvum og fjölda notenda á hvern sendi, eftir að kerfið hefur verið tekið í notkun.

Hver sektor í 4G sendi er að lágmarki jafnstór tengihraða notenda það er 2-30Mb/s.

Hér er miðað er við að það sé óhætt að „yfirbóka“ inn á kerfið þannig að burðargetu hvers sektors er seld 40 sinnum að jafnaði. Þannig að ef einn sektor er með notendahraða 30Mb/s og á þeim sektor eru allt að 100 áskrifendur þá þarf flutningsgeta viðkomandi sektors að vera 75Mb/s ($100 \cdot 30 / 40 = 75$). Ef á sellu eru 4 sektorar þá er það samtals 300Mb/s. En að auki er það metið óhætt að yfirbóka baknetstengingu að sendi allt að 80 sinnum. Þá fæst með sama hætti að baknetstenging sendis þarf að vera að minnsta kosti 150Mb/s.

Þetta miðast við jafna álagsdreifingu fyrir fjölbreyttan notendahóp eins og búast má við í þéttbýli. Í strjálbýli eru að jafnaði færri notendur á hvern sektor en á móti kemur að notkunarmynstur verður einsleitara sem veldur algastoppum innan sólarhringsins sem kerfið þarf að anna. Þannig þarf því yfirleitt álíka stórar baknetstengingu á strjálbýlli svæðum, nema þeim allra strjálbyggðustu þar sem eru bæði færri notendur og færri sektorar á hverjum sendi.

Nýverið hafa komið fram örbylgjukerfi sérhönnuð fyrir háhraða farnetskerfi með mjög mikla flutningsgetu. Til dæmis eru til 10Gb/s fjöltengi (e. multipoint) kerfi, til að tengja nokkra staði við hnúttstöð sem ætlað er fyrir þessar þarfir og eiga að koma í stað ljósleiðaratenginga. Þannig kerfi dugar vel fyrir baknetstengingar nokkurra senda ef hnúttstöðin er ljósleiðaratengd. Slíkt kerfi er ódýrara í uppsetningu og fljótlegra að setja upp en nýja ljósleiðaratengingu. Á móti kemur að endingartími er mun styttri en ljósleiðara, eða um fjórðungur af endingartíma ljósleiðarastrengs. Rekstur örbylgjukerfis er umfangsmeiri en ljósleiðarakerfis til dæmis þar sem loftnet skemmast eða skekkjast í vondum veðrum. En á móti kemur sparnaður í leigusamsamböndum. Þannig að fyrir einn aðila sem hyggst setja upp 4G kerfi og reka í 10 ár er yfirleitt hagkvæmara að setja upp örbylgjukerfi frekar en að leggja nýjan ljósleiðara.

Til lengri tíma litið þá er það metið svo að ljósleiðaratenging sé nauðsynleg á flesta staði, sem stofnnet, til að flytja heildarumferðina en örbylgjutenging dugi fyrir einstaka jaðarsenda. Ef horft er til lengri tíma en 10 ára, til dæmis til 30 ára, þá er ljósleiðaratenging hagkvæmari auk þess sem rekstraröryggi er meira og hægt er að nýta ljósleiðarakerfið fyrir aðra fjarskiptapjónustu.

Til að meta umfang þess að stækka ljósleiðaranetið þá var talinn saman fjöldi sendastöðva sem eru þegar tengdar með ljósleiðara, fjöldi sendastöðva sem ekki eru tengdar með ljósleiðara og heildarlengd ljósleiðara að núverandi ótengdum sendastöðvum. Einnig er áætluð lengd ljósleiðara fyrir nýjar sendastöðvar. Síðan er lagt mat á það hvort þörf sé á að ljósleiðaratengja stöðvar sem eru á fámennustu stöðunum. Miðað er við að allar sendastöðvar á þéttbýlisstöðum séu ljósleiðaratengdar sem er þó ekki alveg rétt en lætur nærri.

Landshlutar - 4G Strjálbýli - Ljósleiðari	Heildar-fjöldi sendastöðva	Senda-stöðvar sem eru ljósleiðara-tengdar	Senda-stöðvar, sem <u>ekki</u> eru ljósleiðara-tengdar	Nýjar sendastöðva	Ljósleiðari að núverandi sendastöðvum sem <u>ekki</u> eru ljósleiðara-tengdar (km)	Ljósleiðari fyrir nýjar sendastöðvar (km)
Austurland	57	17	22	18	141	156
Höfuðborgarsvæði	9	2	5	2	33	17
Norðausturland	51	20	16	14	136	130
Norðvesturland	58	11	17	30	203	259
Suðurland	41	10	21	10	131	86
Vesturland	54	12	26	16	206	138
Vestfirðir	45	8	19	18	239	156
Samtals:	315	80	126	108	1.089	942

Tafla 8 - Baknet vegna 4G

Mat á kostnaði

Forsendur

Við mat á kostnaði er stuðst við eftirfarandi megin forsendur auk umfangsmatsins. Kostnaðaráætlun miðast við að finna heildarverð með +/- 20% nákvæmni.

Það er byggt kerfi eða bætt við núverandi kerfi og til fellur bæði til stofn- og rekstrarkostnaður. Sá kostnaður er lagður saman þannig að út fæst heildarkostnaður miðað við 10 ára rekstur.

Gert er ráð fyrir því að á tímabilinu 2014 til 2022, sem áætlunin miðast við, verði tækniþróun þannig að hægt verði að uppfæra þau kerfi sem byggð verða, þannig að þau afkasti seinna meira án þess að bæta þurfi við sendastöðum, það er sendar í stækkuðu 2Mb/s og 10Mb/s 3G kerfi og sendar í 10Mb/s og 30Mb/s 4G kerfi eru jafn margir. Til fellur framtíðar uppfærslukostnaður þegar uppfært verður.

Við útreikninga á kostnaði, eftir því hversu hátt hlutfall íbúa nær þjónustunni, þá er fyrst reiknað hvað þarf til að allir nái þjónustunni. Síðan er byrjað að taka út dýrustu staðina sem eru staðir með fæsta íbúa og bæði nýrri aðstöðu og sendi. Síðan er sendum og aðstöðu fækkað koll af kolli þar til komið er niður í 93,5%. Við matið er meðal annars stuðst við mynd í „Fylgiskjal 2: Teikning af sendum (sellum) í strjálbýli og íbúafjöldi í hverri sellu“.

Kostnaður vegna annars vegar minna kerfis og hins vegar stærra kerfis tekur aðallega mið af fjarlægðum annars vegar og hins vegar þéttleika senda í strjálbýli. Gert er ráð fyrir því að í þéttbýli sé sami fjöldi senda í minna og stærra kerfi. Til dæmis er sendum ekki fækkað eða baknet minnkað til að auka yfirbókun eins og væri hægt að gera í bæjum þar sem eru margir sendar. Í strjálbýli er sendum fækkað með því að stækka þjónustuvæði hvers sendis.

Kostnaður notenda er ekki tekin með, hvorki áskriftagjöld né kostnaður vegna búnaðar hjá notendum.

Kostnaður er áætlaður eftir landshlutum annars vegar og þéttleika þjónustuvæðis hins vegar, það er til hvers stórs hluta íbúa þjónustan nær.

Allar upphæðir eru án virðisaukaskatts og miðast við verðlag um mitt ár 2012.

Stofnkostnaður

Eftirfarandi eru megin forsendur við útreikninga á upphafskostnaði:

- 10 ára endingartími kerfis, það er kerfið er fjármagnað og afskrifað að fullu línulega á 10 árum. Það er miðað við 10 ára áætlun er allur stofnkostnaður talin með ásamt fjármögnunarkostnaði. Endingartími kerfis getur verið meiri og endingartími aðstöðu er lengri.

- Kostnaður vegna kerfis byggist á sendakostnaði þar sem verð sendis innifelur kostnað vegna miðkerfis, öll leyfisgjöld og þess háttar. Því er ekki sérstakur kostnaður færður vegna miðkerfis.
- Miðað er kostnaðarlega við þrjár gerðir senda, lítill, miðlungs og stór. Lítill er notaður í þéttbýli, miðlungs í minni sellum og stór í stærri sellum í strjálbýli.
- Kostnaður við að uppfæra 3G í 4G miðast við að nýta aðstöðu og búnað áfram eins og hægt er og að framleiðendur kerfa verðleggi uppfærslugjald hóflega.
- Kostnaður miðast við það að kerfið verði eins ódýrt og kostur er, allur kostnaður vegna rekstraröryggis og þjónustustigs er lágmarkaður eins og kostur er, sem tíðkast almennt.

Fjármagnskostnaður eða WACC er hér sett 9% sem er aðeins hærra en hefur undanfarið verið miðað við hjá Póst- og fjarskiptastofnun (8,6%). Það er meðal annars til að mæta óvissu í fyrirkomulagi og útfærslu kerfa sem hefur áhrif á rekstraráætlanir sem gerðar yrðu vegna fjármögnunar og áhættu sem er í framkvæmdinni enn sem komið er, sérstaklega 4G sem er ný tækni.

Rekstrarkostnaður

Kostnaður er metin útfrá tveimur megin leiðum. Erlendar reynslutölur fyrir farsímakerfi sýna að rekstur í 10 ár kosti á bilinu 1,5 til 2,5 sinnum stofnkostnaður. Sem viðmiðunarregla, þá er iðulega miðað við að rekstrarkostnaður í 10 ár jafngildi um tvöföldum stofnkostnaði. Að auki er hér til samanburðar áætlaður rekstrarkostnaður hvers sendis. Niðurstaðan er að stuðullinn sem hér er miðað við er að jafnaði nær 1,5.

